

Samþykkt

56
13. maí

um síldveiði með herpinót á fjörðum inn úr Húnaflóa.

1. gr.

Innan beinna lína, er hugsast dregnar frá Drangaskörðum í Ljetthöfða, þaðan í Skriflusker og frá Skrifluskeri í Veturmáfasker, er öllum óheimil síldarveiði, með herpinót, á hvaða tíma árs sem er.

2. gr.

Hreppstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþyktaarsvæðinu, er sjerstacklega falin umsjón með að samþykkt þessari sje hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitar-sjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppstjóri á heimili í.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum alt að 500 kr., og skal helmingur þeirra falla til uppljóstrarmanns, en hinn helmingur í sveitarsjóð þess hrepps, er liggur að því svæði er brot er framið á. Sje uppljóstrarmaður fenginn til eftirlits gegn sjerstackri borgun samkvæmt 2. gr., skulu allar sektirnar falla í sveitarsjóð þess hrepps, er eftirlitið kostar.

4. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samín er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 85, 14. nóvember 1917, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 13. maí 1919.

Sigurður Jónsson,

Oddur Hermannsson.